



235. fundur Skólanefndar FS *21. september 1999*

Mættir: Kristbjörn Albertsson formaður, Jón Ingi Baldvinsson, Stefanía Ólafsdóttir, Ingimundur Þ. Guðnason, Guðbjörg Ingimundardóttir, áheyrnarfulltrúarnir Ragnheiður Gunnarsdóttir og Arnar Fells Gunnarsson, Jón Sæmundsson fjármálastjóri og Ólafur Jón Arnbjörnsson skólameistari.

Formaður setti fund og bauð nýjan fulltrúa nemenda velkominn á fundinn. Síðan var gengið til dagskrár.

- Dagskrá:**
1. Kjör formanns.
 2. Kennsla á haustönn 1999.
 3. Rekstur framhaldsskóla.
 4. Önnur mál.

1. Kjör formanns.

Formaður og varaformaður nefndarinnar kosnir. Lagt til að Kristbjörn Albertsson verði áfram formaður og Jón Ingi Baldvinsson verði áfram varaformaður. Samþykkt samhljóða.

2. Kennsla á haustönn 1999.

Skólameistari sagði frá kennslu á haustönn og stöðu mála varðandi nýjar námsbrautir. Nemendur í dagskóla eru 721 og 215 í öldungadeild. Alls greiddu 70% nemenda félagsgjald til nemendafélagsins.

3. Rekstur framhaldsskóla.

Skólameistari og fjármálastjóri sögðu frá stöðu mála varðandi fjárhag skólans og svöruðu spurningum nefndarmanna.

4. Önnur mál.

- a) Kynnt bréf frá Reykjanesbæ varðandi fjölnota íþróttahús.
- b) Rætt um ráðningamál skólameistara. Formaður kannar málið hjá ráðuneyti.
- c) Spurt um reykingar í og við skólann. Skólameistari svaraði spurningunni.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

A handwritten signature in blue ink, reading "Guðmann Kristþórsson", is written over a horizontal line.

Guðmann Kristþórsson,
fundarritari

Nemendafjöldi í dagskóla á haustönn 1999

Nemendafjöldi í dagskóla: 719

Skipting eftir sveitarfélögum:

Keflavík	356
Njarðvík	120
Grindavík	95
Sandgerði	59
Garður	53
Vogar	20
Önnur sveitarfélög	16



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Suðurnes Comprehensive and Community College

Keflavík 20. september 1999

Efni: Greiðslur skólagjalda í dagskóla á haustönn 1999.

Í Sparisjóði Keflavíkur greiddu 633 nemendur og á skrifstofu fjármálastjóra FS 81 nemandi.

Félagsgjald í NFS greiddu 500 nemendur eða 70% og í Skólasjóð FS greiddu 530 nemendur eða 74,23%.

Jón Sæmundsson
fjármálastjóri FS.